


Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv. 1:1000



Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:1000

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðamörk
- Bílastæði - fjöldi bifreiða
- Flatarmál lóðar í fermetrum
- Byggingarreitur á lóð, hámark
- Hæðarfjöldi byggingar
- Göngustigur
- Gangbraut yfir umferðargötu
- Núverandi gróður
- Nýr gróður til skýringar
- Grassvæði
- Núv. byggingar
- Núv. girðing
- Hjólástæði, staðsetning leiðbeinandi
- Sérstakar aðgerðir vegna aðgengismála

TILLAGA-C

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann _____

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



Hluti úr aðalskipulagi Árborgar 2020 - 2036, ekki í kvarða.

GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar þann 15. maí 2013 og tók gildi með auglýsingu nr. 591 23. júní 2014. Á grundvelli skipulagsins var Sundhöll Selfoss stækkuð árið 2015 til norðurs og rúmaði nýbyggingin m.a. nýja líkamsræktarstöð á 2. hæð og afgreiðslu og búningaklefa á 1. hæð. Sameiginlegur inngangur að sundlaug og líkamsræktarstöð er að vestanverðu, við Tryggvagötu. Tvær breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu síðan. Í síðari breytingunni, sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar þann 19. júlí 2019, var nýjum byggingarreit bætt við norðan við bygginguna sem heimilaði byggingu á 2. hæð til stækkunar á líkamsræktarstöðinni, með bílastæðum og kvöð um gönguleið undir hæðina. Ekki hefur verið byggt skv. þeirri heimild.

Vegna mikillar aðsóknar er þörf á enn frekari stækkun líkamsræktarstöðvar og er nú lögð fram breyting á deiliskipulagi sem heimilar byggingu á tveimur hæðum norðan við sundhöllina, í stað þess að einungis sé byggt á 2. hæðinni. Breyting þessi samræmist gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar og ákvæða sem þar gilda um reit S3.

Breytingin varðar Tryggvagötu 15, lóð sundhallarinnar en einnig Tryggvagötu 13, lóð Sandvíkurseturs. Við breytinguna eru bílastæði fjarlægð milli Tryggvagötu og Bankavegar og þar verður einnig lokað fyrir gegnumakstur. Þess í stað kemur stórt torg og dvalarsvæði milli sundhallar og Sandvíkurseturs. Lóðarmörk milli lóða breytast og þar með lóðarstærðir.

SKILMÁLATAFLA

Deiliskipulagsbreytingin felst í :

- Á byggingarreit norðan við núverandi sundhöll við Tryggvagötu 15 verður heimilt að byggja á báðum hæðum og leyfilegt byggingarmagn eykst um 400m².
- Bílastæði og gegnumakstur milli Tryggvagötu og Bankavegur fjarlægð
- Bílastæði hreyfihamlaðra færast
- Lóðarstærðir breytast, sjá meðfylgjandi töflu
- Nýtingarhlutfall beggja lóða breytist vegna breyttra óðarstærða og aukins byggingarmagns á lóð Tryggvagötu 15, sjá meðfylgjandi töflu.

Aðrir byggingarskilmálar haldast óbreyttir.

Núv. ástand

Tillaga

Heiti lóðar:	Núv. lóðarstærð	Núv. nýtingarhlutfall	Ný lóðarstærð	Nýtingarhlutfall	Hæð húsa	Leyfilegt byggingarmagn
Sandvíkursetur	4.172m ²	0,65	3.265m ²	0,83	2h/1h	2.711m ²
Sundhöll Selfoss	6.452m ²	0,60	7.033m ²	0,61	2h/1h	4.271m ²

HEITI VERKS:

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG
SKÓLA- OG SUNDHALLARREITUR

HEITI TEIKNINGAR:

TRYGGVAGATA 15, SELFOSI
Deiliskipulagsbreyting

VERKNR: 213-009 MKV: 1:1.000 í A3 TEIKNING NR: TL-C

TEIKNAD AF: sg HANNAÐ AF: sg DAGS. TEIKN: 1. des. 2023

YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: TEIKN. BREYTT: